

# DAGSKRÁ

## Stjórnarfundur - DVALARHEIMILI ALDRAÐRA sf (DA)

Fundur stjórnar Dvalarheimili aldraðra sf (kt: 570577-0349) Þriðjudaginn 24 janúar 2023 kl. 15:00 í fundarherbergi HSN á Húsavík. Fundurinn er staðfundur og haldinn í gegnum fjárfundarbúnað.

### Mætt:

Stjórn: Gerður Sigtryggisdóttir, Sigurður Böðvarsson, Aðalsteinn J. Halldórsson, Bergur Elías Ágústsson, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Áki Hauksson.

Starfsmenn: Jón Helgi Björnsson, Pétur Helgi Pétursson (dagskrárliður 4) og Áslaug Halldórsdóttir.

### Dagskrá

#### 1. Samkomulag milli heilbrigðisráðuneytis og Dvalarheimilis aldraðra í Þingeyjarsýslu um flutning á þjónustu Dvalarheimilis aldraðra til Heilbrigðisstofnunar Norðurlands.

*Dvalarheimili aldraðra sf hefur samið við heilbrigðisráðuneytið um að Heilbrigðisstofnun Norðurlands muni taka yfir rekstri hjúkrunar og dvalarrýma félagsins frá og með 1.febrúar.*

*DA sf á sér langa og góða sögu sem felur í sér þjónustu við aldraða á starfssvæði félagsins. Margir hafa lagt hönd á plóg til góðar verka þá áratugi sem félagið hefur starfað. Rétt er að benda á að tilgangur félagsins er, samkvæmt samþykktum þess „ að vera samstarfsvettvangur sveitarfélaga er aðild eiga að því, um uppbyggingu aðstöðu og rekstur þjónustu við aldraða á félagssvæðinu.“ Félagssvæðið í dag nær yfir lögsagnarumdæmi eftirfarandi sveitarfélaga: Norðurþings, Tjörneshrepps og Þingeyjasveit og starfssvæði Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga í Þingeyjasveit.*

*Starfsemi félagsins í dag er sem hér segir. Rekstur hjúkrunarrýma, dvalarrýma, rekstur leiguíbúða, rekstur búseturéttaríbúða, rekstur dagvistunarúrreða svo eitthvað sé nefnt. Starfsstöðvarnar eru þrjár. Húsavík, Stóra Mörk Kópaskeri og Vík Raufarhöfn. Hjúkrunarrými eru 34, það er 32 almenn hjúkrunarrými og tvö hvíldarrými. Dvalarrými eru 7 og dagvistarrými 23, 13 á Húsavík, 6 á Kópaskeri og 4 á Raufarhöfn. Leigu og búseturéttaríbúðir á starfssvæðinu eru samtals 34.*

*Fjöldi starfsmanna tengdum rekstri félagsins er rúmlega 50, þar af eru um 44 starfsmenn við hjúkrunarrýmis- og dvalarrýmis þjónustu. Sú þjónusta er innt af hendi með greiðslum frá hinu opinbera, sem reyndar hér og annars staðar hafa ekki dugað til að veita þá þjónustu sem nauðsynleg. Þjónusta hjúkrunarrýma er sérhæfð þjónusta þar sem sérþekking er nauðsynleg og er sú þekking og reynsla best innan raða heilbrigðiskerfisins.*

*Dvalarheimili aldraðra sf hefur frá árinu 2011 úthýst stjórnun og hjúkrunarþjónustu í Hvammi til HSN með hagsmuni þjónustuþega að leiðarljósi. Megin hluti starfseminnar lýtur að rekstri hjúkrunar þjónustu sem hefur verið til fyrirmyndar. Á undanföllum árum hefur hjúkrunarþjónusta verið stóraukin enda hefur félagið tekið á sig frekari ábyrgð á rekstri fleiri hjúkrunarrýma sem oft hefur verið skortur á á svæðinu.*

*Aðildarfélag DA sf hafa borið fjárhagslega ábyrgð á rekstri starfseminnar. Ítrekað hafa sveitarfélögin þurft að leggja félaginu til fjármagn vegna þjónustu sem ríkið á í raun*

að veita. Með þeirri breytingu sem nú er að raungerast, erum við að fylgja í fótspor annarra sveitarfélaga sem stigið hafa þetta skref. Þeim starfsmönnum sem sinnt hafa þjónustu hjá Hvammi (hjúkrunarþætti starfseminnar), verða boðið sambærileg störf hjá HSN.

DA hefur haft góða reynslu af samstarfinu við HSN sem staðið hefur frá árinu 2011. Félagið telur að þjónustunni verði vel borgið í höndum HSN. Nauðsynlegt er að reka heilbrigðisþjónustu í Þingeyjarsýslu á einni hendi ef starfsemin á að geta haldið og laðað að öflugt starfsfólk til framtíðar.

Nú er svo komið að leiðir HSN og DA skilja, eftir góða samvinnu. Næstu verkefni eigenda DA sf eru að endurskoða samþykktir félagsins og samstarf sitt m.t.t. þess hvernig búsetutækifærum, dagvistunarþjónustu, heilsuefningu, menningu og afþreyingu verði best fyrir komið fyrir eldri borgara á þjónustusvæði DA sf.

## 2. Leigusamningur um húsnæði Hvamms milli DA sf og HSN.

Fyrir liggja drög að leigusamningi milli DA sf og HSN.

Stjórn formanni að ganga frá samningi á þeim forsendum sem ræddar voru á fundinum.

## 3. Framkvæmdir og viðhald.

Pétur Helgi Pétursson, umsjónarmaður fasteigna mætir á fundinn undir þessum lið. Helstu verkefni viðhaldsmála eru sem hér segir: Viðhaldsverkefnum er skipt í þrjá flokka eftir mikilvægi.

**Flokkur A.** Inniheldur þá hluti sem eru sérstaklega mikilvægir og njóta þess vegna mikils forgangs

- Hreinsa loftræsti kerfi Hvamms sem allra fyrst.
- Laga það sem slökkvilið fer fram á í Hvammi
- Skipta um hurð, glugga og timburverk norðurstafrns í Vík Raufarhöfn
- Skipta um þakjárn á Hvammi, Möguleiki er að Framkvæmdarsjóður aldraðra komi að fjármögnun hluta verksins, en sækja þarf um slíkt framlag.
- Huga að bílakaupum, núverandi bíll er síðan 2006

**Flokkur B.** Inniheldur mikilvæg stig með miðlungs forgang

- Skipta um þakjárn og klára að mála Brekkuhvamm að utan ca 50% eftir að mála
- Byrja að skipta út gleri í öllum húsum Litlahvamms
- Laga aðalinngang Hvamms, þ.e. setja löglegan ramp með hita í o.fl..
- Mála Stórumörk að utan og skipta um þakrennur.

**Flokkur C.** Samanstendur af frekar mikilvægum hlutum með samsvarandi lágan forgang hvað varðar vinnslu og athygli.

- Drena í kringum Miðhvamm um leið og nýtt hjúkrunarheimili rís og nota þá skurði sem við á.
- Skipta um það gler sem eftir er í Miðhvammi ca 1/3 eftir
- Skipat úr út öllum flúor perum í Hvammi og setja led perur í staðinn.
- Viðhald á lóð og stéttum Hvamms, Litlahvamms.

Lagt fram til kynningar.

## 4. Starfsáætlun stjórnar fyrir starfsárið 2022/2023.

Fyrir liggur starfsáætlun stjórnar á næstu mánuðum. Helstu verkefni sem þarf að ganga í, skýra, endurskoða og koma í farverg eru sem hér segir:

**Samþykktir**

*Samþykktir DA sf (570577-0349)*

*Samþykktir, Hvammur, heimili aldraðra (700481-0189)*

**Samningar**

*Samningur- um stjórnun og daglegan rekstur milli DA sf og HSN*

*Samningur um heilbrigðisþjónustu milli Hvamms og HSN*

*Leigusamningur milli DA sf og HSN*

*Samningar um búsetaréttarbúðir*

*Búseturéttaríbúðir - úthlutunarreglur*

*Samningar um leiguíbúðir m.t.t. Leiguupphæðar*

**Gjaldskrá má**

*Sértekjur, leiga, matur - samræma.*

**Nýtt hjúkrunarheimili**

*Framtíðar notkun eigna DA sf - næstu skref*

**Fjárhagur, rekstur og viðhald**

*Viðhaldsþörf eigna*

*Nýffjárfestingar*

*Fjárhagslegt jafnvægi eftir yfirfærslu hjúkrunarrúma til HSN*

**Upplýsinga og starfsmannamál**

*Heimasíða og upplýsingagjöf í hinum rafræna heimi.*

*Samvinna við félagsþjónustu svæðisins*

*Samvinna við félög eldri borgara starfssvæðis DA sf*

**Annað**

*Stjórnun daglegs rekstur DA sf*

*Bókhaldsmál - samþykktir reikninga ofl*

*Ársreikningur fyrir 2022 og aðalfundur félagsins*

*Lagt fram til kynningar*

**5. Önnur mál.**

- a. *Helena Eydís Ingólfssdóttir óskar eftir að eftirfarandi mál verði sett á dagskár. Þóknun til formanns vegna vinnu við breytingar á rekstri í Hvammi. Bergur Elías vék af fundi undir þessum lið.*

*Varaformanni falið að ganga frá samkomulagi við formann um laun vegna vinnu við yfirfærslu reksturs hjúkrunarrýma til HSN og önnur verkefni því tengd að höfðu samráði við stjórn.*

Fundi slitið kl. 16:18.

Fundargerð ritaði í fjarveru ritara, Bergur Elías Ágústsson.